

Jón Smári Jónsson  
Skipulagsstofnun

18.febrúar 2026  
YTRI-2026-01-139  
00.11.02 Umsagnir um skipulagsmál

Efni: Skógrækt í landi Fagraness í Öxnadal, Hörgársveit

Landsneti barst, þann 26. janúar 2026, beiðni um að veita umsögn um fyrirspurn um matsskyldu skógræktar í landi Fagraness í Öxnadal, Hörgársveit mál nr. 88/2026 í Skipulagsgáttinni. Umsagnafrestur er til 23. febrúar 2026.

Landsnet hefur farið yfir gögnin sem fylgdu erindinu. Hlutverk Landsnets er með lögum nr. 65/2003 að annast flutning raforku og kerfisstjórnun. Í umsögn Landsnets er fyrst og fremst tekin afstaða til málefna sem snúa að því.

Í greinargerð framkvæmdaraðila er í kafla 2.8 fjallað um raflínur Landsnets, bæði fyrirhugaða Blöndulínu 3 og núverandi Rangárvallalínu 1, sem mun í kjölfar öruggs reksturs Blöndulínu 3 víkja.

Landsnet og landeigendur hafa komist að skriflegu samkomulagi um landnot af svæðinu fyrir línumannvirki og slóðir. Jafnframt er landeigendum kunnugt um helgunarsvæði línanna og þær takmarkanir sem það hefur á skógrækt.

Í kafla 2.7 er fjallað um fornminjar og m.a. kemur fram að mæla þurfi upp minjar sem eru í og við skógræktarsvæðið, vegna frekari krafna frá því þær voru skráðar 2008. Landsnet bendir á að tvær þessara minja EY-228-007 og -008 voru mældar upp fyrir umhverfismat Blöndulínu 3 árið 2021 og upplýsingar um þær er að finna í sérfræðiskýrslu<sup>1</sup> (bls. 72-73) sem fylgdi umhverfisskýrslu Landsnets og ættu að geta nýst við frekari undirbúning skógræktarverkefnisins.

Virðingarfyllt

---

Rut Kristinsdóttir  
Sérfræðingur umhverfismála

---

<sup>1</sup> [Viðauki 7A Fornleifar fyrri hluti.pdf](#),





Skipulagsstofnun  
Jón Smári Jónsson  
Borgartún 21  
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 23. febrúar 2026  
Málsnúmer: 202601-0120  
MH

## Efni: Skógrækt í landi Fagraness í Öxnadal, matsskyldufyrirspurn

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar sem barst í gegnum Skipulagsgátt þann 26. janúar 2026, þar sem óskað var umsagnar Náttúrufræðistofnunar um matsskyldufyrirspurn vegna skógræktar í landi Fagraness í Öxnadal, Hörgársveit.

Fyrirhugað skógræktarsvæði er um 92 ha samningssvæði, þar sem áformað er að gróðursetja um 190.000 plöntur í um 72 ha lands á næstu tíu árum. Svæðið liggur í 280–390 m h.y.s. á fjarsvæði vatnsverndar og að hluta í grennd við svæði nr. 501 á C-hluta náttúruminjaskrár, *Fjalllendið milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar*. Áformað er að rækta fjölnytjaskóg með birki, lerki, stafafuru, greni og ösp. Gert er ráð fyrir jarðvinnslu (allt að um 30 ha), áburðargjöf við gróðursetningu (allt að um 1.200 kg í heild), slóðagerð og almennri umhirðu skógarins.

### Markmið framkvæmdar

Í greinargerð kemur fram að markmið skógræktarinnar sé m.a. að auka kolefnisbindingu, jafna vatnsbúskap og auka frjósemi jarðvegs, auk þess að skapa viðarnytjar og auka útivistargildi svæðisins.

Náttúrufræðistofnun bendir á að kolefnisbinding er ekki bundin við skógrækt eina og sér. Náttúruleg vistkerfi, einkum mýrlendi og frjósamt graslendi á borð við língresis- og vingulsvist og grasengjavist, eru í sjálfu sér öflug kolefnisforðabúr og binda verulegt magn kolefnis í jarðvegi. Umbreyting slíkra vistkerfa í skóglendi felur í sér varanlega breytingu á gróðurfari og jarðvegi, auk þess sem raski í upphafi framkvæmdar fylgir jafnan tímabundin losun kolefnis. Það er því ekki sjálfgefið að skógrækt á vel grónu landi leiði til aukinnar heildarkolefnisbindingar, heldur fer það eftir fyrra ástandi lands og framkvæmdaháttum. Kolefnisávinningur getur verið mestur þar sem rýrt land eða lítt gróin svæði eru tekin til ræktunar, en síður þar sem fyrir eru kolefnisrík graslendis- eða votlendisvistkerfi.

Jafnframt bendir stofnunin á að vel gróið gras- og mólendi gegnir nú þegar mikilvægu hlutverki í bindingu jarðvegs og miðlun vatns. Þá bendir stofnunin á að opnar fjallshlíðar, graslendi og mólendi með víðáttumikilli sýn geta haft verulegt landslags- og upplifunargildi. Umbreyting slíkra svæða í nytjaskóg breytir ásýnd og eðli landsins varanlega og getur bæði aukið og dregið úr tilteknum útivistargæðum, eftir því hvaða sjónarmið eru lögð til grundvallar.

### Vistgerðir

Samkvæmt vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar og umfjöllun í greinargerð eru helstu vistlendi innan svæðisins graslendi, mólendi, skriður og melar. Nokkrar vistgerðir innan svæðisins hafa hátt eða mjög hátt verndargildi, þar á meðal língresis- og vingulsvist, grasengjavist, grasmóavist, lyngmóavist á láglendi, víðikjarrvist og snarrótarvist. Þessar vistgerðir eru jafnframt á lista Bernarsamningsins yfir vistgerðir sem þarfnast verndar.



Ljóst er að komi til skógræktar á þessum svæðum breytist landnotkun varanlega og viðkomandi vistgerðir tapast á þeim reitum sem gróðursettir verða. Samkvæmt greinargerð framkvæmdaaðila er gert ráð fyrir að votlendi verði afmarkað og undanskilið gróðursetningu, og telur Náttúrufræðistofnun það mikilvægt. Stofnunin leggur til að afmörkun slíkra svæða fari fram áður en framkvæmdir hefjast og að jafnframt verði sérstaklega hugað að vistgerðum með hátt og mjög hátt verndargildi við útfærslu ræktunaráætlunar.

### **Fuglalíf**

Í greinargerð kemur fram að fuglalíf hafi ekki verið kannað sérstaklega. Svæðið einkennist af mólendi og graslendi sem eru mikilvæg búsvæði mófugla, m.a. heiðlóu, spóa og lóupræls. Þekkt er að umbreyting opins lands í skóglendi getur haft neikvæð áhrif á varp þessara tegunda, bæði vegna beins búsvæðamissis og vegna jaðaráhrifa.

Í ljósi umfangs skógræktar í Öxnadal og Hörgárdal, sem samkvæmt aðalskipulagi nemur nú þegar hundruðum hektara, telur Náttúrufræðistofnun mikilvægt að meta samlegðaráhrif skógræktar á mófugla og opin vistkerfi á svæðinu í heild, en ekki eingöngu fyrir hverja jörð fyrir sig.

### **Jarðminjar og landslag**

Svæðið liggur í vesturhlíðum Fagranesfjalls, í jaðri megineldstöðvakerfisins, þar sem fjölbreyttar jarðmyndanir og landslagsheildir eru áberandi. Í nýlegri umsögn stofnunarinnar um aðalskipulag Hörgársveitar, dags. 22. janúar 2026, var sérstaklega bent á mikilvægi verndar jarðminja og landslagsheilda í sveitarfélaginu.

Skógrækt í hlíðum getur haft veruleg áhrif á ásýnd landslags og sýnileika jarðmyndana. Jarðvinnsla með TTS-herfi skilur eftir sig rásir sem geta verið sýnilegar um árabíl, sérstaklega í hallandi landi. Meta þarf sérstaklega sjónræn áhrif framkvæmdarinnar í samhengi við heildarlandslag Öxnadal.

### **Val á trjátegundum**

Áformað er að rækta fjölnytjaskóg þar sem notast verður við fleiri en færri trjátegundir, m.a. lerki, birki, furu, greni og ösp. Í fyrri umsögnum hefur Náttúrufræðistofnun bent á að stafafura og sitkagreni geti sýnt ágenga hegðun og dreift sér út fyrir afmörkuð skógræktarsvæði. Sjálfsáning getur því aukið áhrifasvæði framkvæmdarinnar umfram hið skilgreinda ræktunarsvæði. Mikilvægt er að skýr vöktunaráætlun og ábyrgð á fjarlægingu sjálfsáningar liggi fyrir.

### **Niðurstaða**

Náttúrufræðistofnun telur að fyrirhuguð skógrækt í landi Fagraness, eins og henni er lýst í tilkynningu framkvæmdaraðila, sé að umfangi og eðli ekki líkleg til að hafa í för með sér svo umtalsverð umhverfisáhrif að hún skuli háð mati á umhverfisáhrifum sem sjálfstæð framkvæmd. Fyrirhugað er að undanskilja votlendi, taka tillit til fornminja og helgunarsvæða og gera ráð fyrir að rask verði að mestu bundið við skilgreint ræktunarsvæði. Að teknu tilliti til þess og umfangs framkvæmdarinnar telur stofnunin ekki tilefni til að krefjast sérstaks umhverfismats vegna þessarar jarðar einnar og sér.

Náttúrufræðistofnun leggur þó ríka áherslu á að líta verði á málið í víðara samhengi. Skógrækt hefur á undanförunum árum verið og er fyrirhuguð á fjölmörgum jörðum í Öxnadal og Hörgárdal, og samanlagt nemur umfang slíkra svæða hundruðum hektara. Þar sem veruleg vistfræðileg og landslagsleg verðmæti eru fólgin í opnum gras- og mólendissvæðum, auk svæða á C-hluta náttúruminjaskrár og annarra náttúruminja innan sveitarfélagsins, telur Náttúrufræðistofnun brýnt að samlegðaráhrif skógræktar og verndargildi náttúruminja verði metin heildstætt fyrir sveitarfélagið í heild, en ekki einungis fyrir hverja jörð fyrir sig.



Ef áhrif eru eingöngu metin í smáum einingum er hætta á að uppsöfnuð áhrif á landslag, vistgerðir með hátt verndargildi og búsvæði mófugla verði vanmetin. Stofnunin telur því mikilvægt að sveitarfélagið, í tengslum við skipulagsgerð eða með sérstakri greiningu, láti fara fram heildstætt mat á því hvaða svæði henti til skógræktar með hliðsjón af vernd náttúru- og landslagsgæða og hvaða svæði beri að undanskilja slíkri landnotkun. Slíkt mat myndi skapa traustari grundvöll fyrir sjálfbæra skógrækt í sveitarfélaginu og draga úr líkum á að verndargildi svæða rýrni smám saman vegna uppsafnaðra áhrifa einstakra framkvæmda.

Virðingarfyllst,

*María Harðardóttir*

María Harðardóttir  
Líffræðingur



Skipulagsstofnun  
Borgartúni 7b  
105 Reykjavík

26. febrúar 2026  
202601-0105/F.G.J.

## Efni: Umsögn - Matsskylda - Skógrækt í landi Fagraness í Öxnadal – Mál nr. 0088/2026 hjá Skipulagsstofnun

Vísað er til erindis fulltrúa Skipulagsstofnunar er barst 29. janúar sl. þar sem óskað var umsagnar Náttúruverndarstofnunar um matsskyldu fyrirhugaðrar skógræktar í landi Fagraness í Öxnadal, Hörgársveit.

Í greinargerð kemur fram að fyrirhugað skógræktarsvæði er á 92,1 ha samningssvæði, sem liggur í 280 m h.y.s upp í 390 m h.y.s. Gert er ráð fyrir að gróðursetja um 190 þúsund plöntur í um 72 ha. og að gróðursetningartími verði um 10 ár. Skógræktarsvæðið er á vatnsverndarsvæði Hörgársveitar. Svæðið er í flokki 3 sem er fjarsvæði samkvæmt skilgreiningu aðalskipulags Hörgársveitar frá 2012–2024. Meginmarkmið verkefnisins er að rækta fjölnytjaskóg. Skógurinn mun binda kolefni, jafna vatnsbúskap og auka frjósemi jarðvegs og skila af sér viðarnytjum þegar fram líða stundir.

### Náttúruminjar og verndarsvæði

Framkvæmdasvæðið liggur að svæði á náttúruminjasrá sem nefnist *Fjallendið milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar* og er númer 501 sem aðrar náttúruminjar, auk þess sem framkvæmdasvæðið er í grennd við annað svæði á náttúruminjasrá, *Hraunsvatn og Vatnsdal*, númer 505, sem eru einnig skráð sem aðrar náttúruminjar.

Svæði nr. 501 er á skránni sem „hálandur og hrikalegur skagi með djúpum dölum, stórbrotið land. Á hæstu fjöllum eru jöklar. Um hálandið liggja fornar leiðir milli byggða.“ Svæði nr. 505 er á skránni sem „fjölbreytt og fagurt land með stöðuvötnum, stórum framhlaupum og sérkennilegum klettadröngum, svo sem Hraundrangur.“

Náttúruverndarstofnun telur ekki að þau skógræktaráform sem hér eru til umsagnar hafi ein og sér umtalsverð áhrif á verndargildi þessara náttúruminja.

Skógræktarsvæðið er innan vatnsverndarsvæðis (fjarsvæðis) og vatnshlot Hörgár streymir samsíða svæðinu. Passa þarf að áburðargjöf sé með þeim hætti að hún mengi ekki vatnshlotið og hafi áhrif á vatnabúskap hennar.

### Vistgerðir og fuglalíf

Við grunnkortlagningu verður gengið um svæðið og það kortlagt m.t.t. gróðurfars. Út frá því verður endanleg skógræktaráætlun gerð. Ekki verður gróðursett í votlendi, sem er jákvætt, þó

gildi þess sem búsvæði og fæðuöflunarsvæði fyrir vaðfugla minnki verði það að afmörkuðum blettum innan skóga.

Vistgerðakort Náttúrufræðistofnunar var notað til að bera kennsl á vistgerðir með hátt eða mjög hátt verndargildi en grunnkortlagningin er sögð nauðsynleg til að lýsa gróðurlendinu til hlítar. Í greinargerð segir að „ljóst er að vistgerðir þessar [sem hafa mjög hátt og hátt verndargildi], ef sá staður sem þær vaxa á er á annað borð tekinn til skógræktar, tapast.“ Náttúruverndarstofnun bendir einmitt á þann möguleika að hlífa þeim svæðum þar sem þessar vistgerðir finnast í miklu magni við gróðursetningu trjáa.

Fuglalíf hefur ekki verið kannað á jörðinni og er ekki áætlað að gera úttekt á því. Í greinargerð er góð samantekt á þeim fuglategundum sem almennt finnast í þeim vistgerðum sem eru skráðar á svæðinu skv. vistgerðarkortinu. Ætla má að mófuglategundir á borð við spóa, heiðlóu og lóupræl fari verst út úr þessum landbreytingum. Spói og heiðlóa, líkt og aðrar vaðfuglategundir, verpa almennt ekki í skóglendi og rannsóknir hafa sýnt mikil jaðaráhrif skóga á þær, þ.e. þær kjósa að verpa frekar fjarri skógum en nálægt þeim, líkt og nefnt er í greinargerð<sup>1</sup>. Þessar tegundir, sem eru báðar ábyrgðartegundir Íslands og heiðlóa á lista Bernarsamningsins yfir tegundir sem þarfnast verndar, voru nýlega metnar í nokkurri hættu vegna mikillar fækkunar í stofnum þeirra síðustu 15-20 ár. Heiðlóustofninn hefur minnkað um rúmlega 40% á þessu viðmiðunartímabili og fækkun í spóastofninum var metin vera um tæp 35%. Orsakirnar eru taldar vera búsvæðabreytingar vegna mannglegra umsvifa.

### Trjátegundir

Áætlað er að planta fjölbreyttum trjátegunum, sem er vel, þar sem það getur aukið seiglu skóga og stuðlað að meiri líffræðilegri fjölbreytni en ella. Áformað er að planta um 35 þúsund stafafurum, en í nýlegri íslenskri langtímarannsókn<sup>2</sup> á stafafuru sem var gróðursett í skógrækt í Steinadal um miðja 20. öld kemur fram að tegundin hafi breitt tífalt úr sér miðað við áætlun og sýni af sér veldisvöxt. Hún hefur tekið yfir fjölbreytt búsvæði, þ. á m. náttúrulega birkiskóga og heiðalönd. Tegundin tengist mikilli minnkun í tegundauðgi og fjölbreytileika æðplantna innan vistkerfa. Niðurlag rannsóknarinnar er að í Steinadal hafi stafafura eiginleika framandi ágengrar lífveru, þó hún hafi ekki verið skilgreind sem slík, og að hægt væri að yfirfæra þá skilgreiningu á flest innlend vistkerfi á láglandi landsins.

Framandi ágengar tegundir eru ein helsta ógnin sem steðjar að líffræðilegum fjölbreytileika hér á landi. Náttúruverndarstofnun leggur áherslu á mikilvægi þess að vernda líffræðilegan fjölbreytileika, en Ísland er aðili að ýmsum alþjóðasamningum þess efnis, þ.á.m. Bernarsamningnum og Samningi Sameinuðu þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni.

### Landslag og ásjúnd

Í greinargerð stendur að landið í Fagranesi sé í vesturhlíðum Fagranesfjalls sem eru í útjaðri gamallar megineldstöðvar sem var með miðju í utanverðum Hóladal. Fjallið einkennist því af margskonar berginnskotum með t.d. líparíti og granófýr. Fyrirhugað skógræktarsvæði er þó

<sup>1</sup> Aldís E.P. o.fl., 2022. Subarctic afforestation: Effects of forest plantations on ground-nesting birds in lowland Iceland. *Journal of Applied Ecology*, 59, bls. 2456–2467.

<sup>2</sup> Pawel W., Guðrún Ó. og Þóra E.P. (2025). Lodgepole pine (*Pinus contorta* Douglas ex Loudon) invasion in subarctic Iceland: evidence from a long-term study, *NeoBiota*, 97, bls. 47-66.

nokkru sunnar og í greinargerð stendur að „ósagt skal látið hvort uppvaxandi skógurinn í Fagranesi hefur einhver áhrif á sýnileika jarðmyndana.“ Erfitt er að meta það án þess að koma á staðinn, og hefði verið æskilegt að í greinargerð hefði komið fram mat á því hvort sýnileiki jarðmyndana myndi minnka í kjölfar skógræktarinnar.

Í greinargerð segir að TTS jarðvinnsla sé áætluð á frjósamasta hluta landsins. Slík jarðvinnsla getur skilið eftir sig för sem hafa áhrif á ásýnd svæða.

### **Niðurstaða**

Náttúruverndarstofnun telur að fyrirhuguð skógrækt sé í heild sinni ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Þó má velta fyrir sér ávinningnum sem hlýst af því að herfa upp gróðursælt land til þess að planta trjám, m.t.t. kolefnisbúskaps, líffræðilegs fjölbreytileika, verndargildi vistgerða og mikilvægi þeirra sem búsvæða fyrir fugla. Því er bent á þann möguleika að hlífa ákveðnum hlutum svæðisins, þeim sem verða fyrir mestum áhrifum, við skógrækt.

Stofnunin bendir þó á að eðli málsins samkvæmt sé erfitt að mæla sífellt með því að stakar og smáar framkvæmdir fari í fullt umhverfismat, en samlegðaráhrif margra skógræktarreiða á svæðinu geti orðið umtalsverð. Æskilegt væri að sveitarfélagið gerði mat á þeim svæðum þar sem skógrækt er æskileg, m.t.t. vistgerða, fuglalífs, svæða á náttúruminjaskrá, jarðmyndana og ásýnd.

Virðingarfyllst,

Fróði Guðmundur Jónsson

**sérfræðingur**

Þórdís Vilhelmína Bragadóttir

**sérfræðingur**

Frá: Skipulags- og byggingarfulltrúi Eyjafjarðar <[sbe@sbe.is](mailto:sbe@sbe.is)>

Sent: fimmtudagur, 26. febrúar 2026 09:54

Til: Skipulagsstofnun - SLS <[skipulag@skipulag.is](mailto:skipulag@skipulag.is)>

Efni: H2601012 - skógrækt í landi Fagraness í Öxnadal, nr. 0088.2026

Góðan dag,

Sveitarstjórn Hörgársveitar fjallaði um erindi þitt á fundi sínum þann 25.02.2026. Eftirfarandi er bókun úr fundargerð:

**f) Í lið 7, skógrækt í landi Fagraness í Öxnadal, nr. 0088.2026 Tilkynning um framkvæmd - Umsagnarbeiðni - H2601012**

Skipulagsstofnun óskar umsagnar Hörgársveitar um tilkynningarskylda framkvæmd vegna skógræktar í landi Fagraness í Öxnadal. Skipulagsstofnun metur hvort framkvæmdin skuli háð umhverfismati og er meðfylgjandi umsagnarbeiðni og greinargerð framkvæmdaraðila.

*Sveitarstjórn samþykkti að mæla með því að umhverfismat fari fram.*

Þetta tilkynnist hér með.

Bestu kveðjur,

**Ásgeir Jóhann Kristinsson**

*Verkefnastjóri skipulagsmála hjá Skipulags- og byggingarfulltrúa Eyjafjarðar bs.*

*Skólatröð 9, 605 Akureyri*

*S: 463 0621*





Minjastofnun  
Íslands

The Cultural  
Heritage Agency  
of Iceland

Minjavörður Norðurlands  
eystra

Borgum v/Norðurslóð  
600 Akureyri

(354) 570 13 15  
(354) 832 17 00

www.minjastofnun.is  
Kennitala: 440113-0280

**Sædis Gunnarsdóttir**  
Minjavörður Norðurlands  
eystra  
saedis@minjastofnun.is

Skipulagsstofnun

11. mars 2026

MÍ202601-0113/ 6.07 / S.G.

## Fagranes Hörgársveit – umsögn vegna skógræktar

Minjastofnun Íslands hefur móttengið umsagnarbeiðni Skipulagsstofnunar þar sem óskað er eftir umsögn um hvort ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum. Dráttur hefur orðið á vinnslu þessa erindis vegna anna og biðjumst við velvirðingar á því.

Í greinargerð með tilkynningu til ákvörðunar um matsskyldu kemur fram að fyrirhugað skógræktarsvæði á jörðinni Fagranesi er 92,1 ha. Gert er ráð fyrir að gróðursetja um 190.000 plöntur í um 72 ha. Skógræktarsvæðið er á vatnsverndarsvæði Hörgársveitar. Skógræktarsvæðið liggur að svæði á C-hluta náttúruminjaskrár, nr. 501 - Fjalllendið milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar, og er einnig í grennd við annað svæði, nr. 505 - Hraunsvatn og Vatnsdal. Samkvæmt lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2011 er skógrækt á verndarsvæðum tilkynningaskyld framkvæmd til Skipulagsstofnunar. Einnig er hverfisvernd á eyðibýggð í innanverðum Öxnadal, m.a. á heimatúnum í Fagranesi (HV8 í skipulagsupprætti aðalskipulags Hörgársveitar). Gamli þjóðvegurinn liggur í gegnum svæðið á flötu landi neðan fjallsrótanna, 75-110 m ofan við nýja þjóðveginn. Gamli vegurinn verður nýttur til þess að komast um svæðið. Til þess að auðvelda gróðursetningu og umhirðu í framtíðinni er gert ráð fyrir að það þurfi að gera annan slóða, traktorsfæran, nokkru nær fjallinu. Landsnet mun einnig þurfa að gera slóðir til að setja upp og sinna viðhaldi á Blöndulínu 3, þær slóðir verða samtvinnaðar með skógarlóðunum.

Eins og fram kemur í greinargerðinni hafa fornleifar verið skráðar á jörðinni Fagranesi. Árið 2008 kom út skýrsla Fornleifastofnunar Íslands ses, *Fornleifaskráning í Öxnadals- og Skriðuhreppi II. bindi*. Sú skráning uppfyllir ekki staðla Minjastofnunar um fornleifaskráningu.

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnsýslustigi og ekki kærnanlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.

Í skýrslu framkvæmdaaðila er gerð grein fyrir skráningu forleifa á jörðinni og nefnt að þær fornleifar sem voru skráðar í eldri skýrslu verði mældar upp. Þar segir jafnframt að minjarnar verði afmarkaðar sérstaklega í ræktunaráætlun og þess gætt að ekki verði gróðursett nær þeim en 20 m.

*Í 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 stendur að áður en leyfi til framkvæmda er afgreitt skuli skráning fornleifa, húsa og mannvirkja hafa farið fram á vettvangi. Sú skráning sem liggur fyrir uppfyllir ekki staðla Minjastofnunar og því þarf að uppfæra hana áður en framkvæmdaleyfi verður gefið út.*

*Að því gefnu að uppfærð skráning muni liggja yfir áður en framkvæmdir hefjast telur Minjastofnunar að ofangreinda framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.*

Vakin er athygli á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar sem hljóðar svo:

Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.

Virðingarfyllst,



Sædís Gunnarsdóttir  
Minjavörður Norðurlands eystra



Skipulagsstofnun  
Borgartúni 7b  
105 Reykjavík

13. mars 2026

## Skógrækt í landi Fagraness í Öxnadal – Umsögn um matsáætlun

Með bréfi, dags. 23. janúar sl., óskaði Skipulagsstofnun eftir umsögn Heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra (HNE) um matsáætlun vegna fyrirhugaðrar skógræktar í landi Fagraness í Öxnadal.

Fyrirhuguð framkvæmd felst í gróðursetningu um 190.000 plantna á um 72 hektara svæði í vesturhlíðum Fagranessfjalls. Svæðið er innan fjarsvæðis vatnsverndar, en allfjarri brunn- og grannsvæðum er því ekki er gert ráð fyrir umferð tækja, jarðraski eða annarri starfsemi innan þeirra.

HNE telur rétt að í matsáætlun verði sérstaklega lagt mat á hvort jarðvinnsla, svo sem með TTS-herfi, geti aukið framburð til árfarvega tímabundið. Við slíkt mat er mikilvægt að líta til fyrirliggjandi gagna um ofanflóða- og jarðvegsaðstæður í Öxnadal og Hörgárdal.

Jafnframt leggur HNE áherslu á að áburðargjöf verði stýrt með ábyrgum hætti til að lágmarka hættu á að næringarefni skolist í yfirborðs- og grunnvatn. Sérstök varúð skal viðhöfð þar sem jarðvegur er grunnur eða halli mikill.

*Að teknu tilliti til ofangreindra áhersluatriða og með vísan til eðlis og umfangs framkvæmdarinnar, er það mat Heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra að hún sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum*

Virðingarfyllt

F.h. Heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra

**HEILBRIGÐISEFTIRLIT  
NORÐURLANDS EYSTRÁ**  
  
Leifur Þorkelsson  
heilbrigðisfulltrúi